

# Fundargerð aðalfundar Samtakanna '78 2016

Laugardaginn 5. mars 2016  
Suðurgötu 3, 101 Reykjavík.



Sem liður í dagskrá „Árþings 2016“ fór um morguninn fram vinnustofa um gildi í félagsstarfi með Jamie McQuilkin og í framhaldi var boðið upp á vegan hádegisverður gegn frjálsum framlögum. Auglýstur fundartími aðalfundar var kl. 14.00, en fyrir fundinum lá dagskrá í 11 liðum sem auglýst hafði verið með aðalfundarboði.

Sem liður í Ársþingi var haldið opið hús fyrir fólk af erlendum uppruna fimmtudaginn 3. mars, föstudaginn 4. mars var haldið málþing um hinsegin fjölskyldumál og boðið upp á sögugöngu um miðborgina. Að aðalfundi loknum var boðið upp á svokallað hraðstefnumót við starfshópa og hagsmunafélög og í framhaldi haldið Samtakapartý og ættarmót um kvöldið. Sunnudaginn 6. mars voru síðustu viðburðir Ársþingsins, fjölskyldubröns, hinsegin þrjónaklúbbur og ungliðafundur um kvöldið.

Formaður, Hilmar Hildar Magnússon, setti aðalfundinn klukkan 14.10 og hvatti félagsmenn til að nálgast ársskýrsluna á netinu, en einungis 15 eintök voru prentuð af umhverfisástæðum.

## 1. Skipan fundarstjóra og fundarritara

Formaður gerði tillögu að Örnunni Gunnarsdóttur sem fundarstjóra og Ragnari Þorvarðarsyni sem fundarritara. Þau voru samþykkt einróma með lófataki. Fundarstjóri kynnti sig og fagnaði þessum fyrsta aðalfundi Samtakanna 78 á Suðurgötu 3.

## 2. Lögmæti aðalfundar staðfest

Á forsendum þess að enginn mótmælti eða gerði athugasemdir við fundarboð, þá skoðast fundurinn löglegur á þeim forsendum. Þá eru einnig langum fleiri en 15 félagar viðstaddir.

## 3. Skýrsla stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa

Þetta er fyrsti aðalfundur Samtakanna 78 í nýju húsnæði að Suðurgötu. Formaður fór ítarlega yfir ársskýrslu sem er skipt í fjóra megin kafla. Í kafla tvö var farið yfir aðalfund síðasta árs, félagsfundi þar sem m.a. var farið yfir fjárhagsáætlun, aðildarumsókn BDSM Ísland og Hinsegin Norðurland.

Farið yfir störf stjórnar, 23 formlegir fundir haldnir, þar af 18 á síðasta ári. Starfsemi trúnaðarráðs, gott merki um grasrótina að trúnaðarráð sá um hýrðasamkeppnina á síðasta ári. Umræðan og umfjöllun sem kom í framhaldi er félaginu afskaplega mikilvæg. Tvennir sameiginlegir fundir trúnaðarráðs og stjórnar voru haldnir, í upphafi var starf ársins skipulagt, á seinni fundi var unnið í skipulagi aðalfundar.

Öflugt nefndarstarf er innan Samtakanna, en starfandi eru nokkrir starfshópar og hagsmunafélög, Intersex Ísland kom nýtt inn í fyrra. Mikil gróska er í öllum þessum félögum. Formaður ræddi fjármál, nú er þeim stóra pakka sem

húsnæðið var lokið. Árið 2014 var fasteign á Laugavegi seld, á árinu 2015 fóru miklir fjármunir í endurbætur á Suðurgötu. Að sama skapi var styrk skilað vegna Úganda verkefnis, fór inn og út hafði því ekki áhrif á rekstur.

Framkvæmdir á Suðurgötu voru dýrari en í upphafi var áætlað, endaði í um 11 milljónum, væntingar um að vinna meira í sjálfboðastarfi sem endaði í meiri kaupum á útkeyptri þjónustu. Staðan á húsnæði: smá framkvæmdir eftir í ráðgjafarherbergi annars að mestu komið. Þurfti að skipta um skólp undir húsi sem var kostnaðarsamt og ekki fyrirséð þegar farið var í framkvæmdirnar. Rekstur er nú heilbrigður og stöðugur. Fast er haldið utan um budduna og félagið er á góði róli.

Þjónustusamningur við RVK tvöfaldast með nýjum samningi, er um 5 milljónir. Sótt um styrkt til Velferðarráðuneytis, fengum 6 milljónir í fyrra. Verið að klára samninga við ríkið, þeir samningar taka tíma. Þjónustupættir voru skilgreindir vel, Reykjavíkurborg var boðið að Samtökin myndu sinna verkefnum fyrir 12 en þau völdu þjónustupætti upp á 6 milljónir.

Alþjóðamál: Úganda verkefni landað þrátt fyrir að skila hafi þurft styrk til Utanríkisráðuneytis. Náðum að senda þeim styrktarfé upp á milljón, sem þau nýttu í Kuchi time verkefnið – vitundarvakning og barátta gegn haturðsorðrðu, keyptu tæknibúnað, tölvur ofl. Sendum þeim frábærar kveðjur.

Aldrei hafa verið jafn margir borgandi félagar, félagafjöldi hefur aukist. Formaður fór yfir starfsmannabreytingar á síðasta ári, styrkir hafa aukist, ráðgjöf hefur tvöfaldast, bárátta varðandi hatursorðræðu hefur skilað sér í vakningu um starf Samtakanna og fólk nú að nýta þjónustuna betur. Hópur sem heldur utan um fræðsluna hefur tvöfaldast. Vonir standa til að geta ráðið inn nýjan starfsmann ef hagstæðir samningar nást við ríkið.

Innviðir og uppbygging – Gerðurvar samningur við Reykjavíkurborg um verkefni með flóttamönnum og hælisleitendum, þjónusta við flóttafólk sem kemur hingað til lands í boði íslenska ríkisins – mikilvægt er að við sýnum samstöðu við hælisleitendur. Formaður minnti á að við erum ekki eins máls hreyfing, erum fjölbreytt og þurfum að tala inn í þann veruleika. Þurfum að byggja brýr á sem flestum stöðum í samfélaginu.

Gríðarlega mikilvægt að efla samtalið innan mismunandi hópa í félaginu – að tala við fólk og um aðra af virðingu. Stefnit er á að auka enn meira sýnileika stjórnar. Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum, **engar athugasemdir gerðar við ársskýrslu.**

**4. Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar**  
Gjaldkeri, Steina Dögg Vigfúsdóttir, fór yfir reikninga. Ársreikningurinn er á netinu. Fór yfir verkefni á árinu 2015. Minnti á að Samtökin eru ekki á fjárlögum hjá ríkinu, þannig að árlega þarf að sækja um ákveðin verkefni til ráðuneytis. Fyrsti styrkur var greiddur út í ágúst, 6 milljónir. Skrifað undir samning við borgina um mitt ár sem var greiddur út í nóvember. Félagið tók yfirdrátt til að brúa bilið þangað til styrkir væru greiddir út. Styrkir frá ríkinu skiptast í bæði rekstur og verkefni.

Samningur Reykjavíkurborg: 15 milljónir á þremur árum, styrkurinn er annars vegar þjónusta við hinsegin fólk og hins vegar fyrir fræðslu. Snert aðeins á styrknum vegna Úganda verkefnis sem ekki varð af, en milljónin sem félagsmenn og sjálfboðaliðar söfnuðu skiluðu sér til systursamtaka.

Farið yfir rekstrartekjur og gjöld 27, hallarekstur er á starfseminni upp á 12 milljónir sem orsakast að mestu af því að framkvæmdir voru gjaldfærðar á yfirstandandi ári. Fasteign að Suðurgötu er metin á 34 milljónir, handbært fé um 2 milljónir. Félagið er laust við öll langtímalán og nú í nýuppgerðu húsnæðu.

Innkoma vegna fræðslufunda hefur aukist þó nokkuð. Að sama skapi eykst kostnaður að einhverju leiti vegna þeirra funda, tekið hefur verið upp umbunarkerfi til þeirra sem sjá um fræðsluna. Auknar tekjur vegna útleigu á sal, en salurinn stendur félögum til boða á sérkjörum, að sama skapi er kjallari leigður til Hinsegin daga. Útgjöld vegna ráðgjafar hækkaði, vegna lítillegar hækkunnar á kostnaði ráðgjafa.

Rætt var um útgjöld vefga vefsíðu, nýr vefur var unnin í sjálfboðavinnu en einhver kostnaður var varðandi hýrýrðasamkeppni og undirvefi.

Gjaldkera þokkuð góð störf, enda hefur mekið verk verið unnið á árinu.

### ***Reikningar samþykktir samhljóða.***

#### **5. Fjárhagsáætlun ársins lögð fram**

Gjaldkeri ræddi að áætlunin hafi verið lögð fram á félagsfundi í nóvember – Óskað eftir því að áætlunin yrði sett á vefinn (þegar svar yrði komið frá ríkinu) og sagt frá í fréttabréfi.

#### **6. Laga- og stefnuskrárbreytingar**

Engar breytingar lágu fyrir fundinum.

#### **7. Kjör formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa.**

Félagsfundur skipaði kjörnefnd: Gunnlaugur Bragi Björnsson, Svanhvít Sif Björnsdóttir og Tóttla I. Sæmundsdóttir, Auður Magndís framkvæmdastýra var nefndinni innan handar. Nefndin notaðist við samskiptamiðla og tölvupóst – funduðu tvisvar. Samhliða aðalfundarboði var óskað eftir framboðum, 20. febrúar rann fresturinn út: tvö framboð bárust í embætti formanns, þrjú í embætti varaformanns og fjögur í embætti meðstjórnanda ásamt tveimur framboðum fyrir skoðunarmenn reikninga.

10 framboð bárust upphaflega í trúnaðarráð, einn dró framboð sitt til baka og aftur var opnað fyrir framboð, þá bárust þrjú framboð. Þriðjudaginn 1. mars voru send út skilaboð vegna kosninga utan kjörfundar sem haldin daginn fyrir aðalfund. Einnig boðið að kjósa samkvæmt umboði, þær kosningar lagðar fyrir fundinn. **Fundurinn samþykkti það vinnulag sem viðhaft var við utankjörfundarkosningu, kosningu með umboði og viðbótarframboð í trúnaðarráð – samþykkt samhljóða.**

Einn kjörseðill var fyrir kosningu til stjórnar og kynntu frambjóðendur til formanns og varaformanns sig á fundinum, ***sjá úrslit undir lið 8.***

Framboð til formanns: Guðmunda Smári Dísuson Veigarsdóttir kynnir framboð sitt og segir frá sér, vill njóta þess að bjóða upp á lýðræðislega kosningu. Mikilvægt að það séu fleiri en bara sis-fólk í stjórn – hefur starfað í ýmsum verkefnum með Samtökunum, langar að auka aðgengi aðildarfélaganna að félaginu. Vill skoða möguleikann á því að undirfélög geti ráðið sameiginlegan starfsmann sem gæti starfað á skrifstofu samtakanna. Baráttan er ekki búin. Að því loknu kom Hilmar Hildar Magnússon, sitjandi formaður, upp og kynnti sig og talaði stuttlega um það að hann vildi óska eftir áframhaldandi umboði, mikill heiður og skemmtilegt starf. Imprar á því að raddir félagsins séu margar og fái að skína, nú er m.a. í gangi vinna um nýja löggjöf í samstarfi við Trans Ísland og Intersex Ísland, 'Ekkert um okkur, án okkar'. Biður um að vera dæmdur af verkum sínum – Ítrekar þakkir til Uglu og Árna sem létu af störfum á síðasta ári.

Framboð til varaformanns: Alexander Björn Gunnarsson kynnir sig, er 27 ára transmaður frá Vopnafirði, flutti í bæinn fyrir 10 árum. Kynntist starfi Samtakanna í gegnum ungliðahreyfinguna og tók einnig þátt í starfi Q félagsins, hefur verið í stjórn Trans Ísland og á þeim vettvangi í trúnaðarráði. Vill sjá meiri sýnileiki jaðarsettra hópa, meiri stuðning í ráðgjöf og fræðslu. Aukin fræðsla til opinberra starfsmanna, sérstaklega heilbrigðisstarfsfólk.

Ásthildur Gunnarsdóttir kynnti sig, kynntist Samtökunum í gegnum Hinsegin kórinn og í gegnum Úganda verkefnið. Fór yfir vinnu og persónuhagi. Telur sig geta nýtt fjölmiðlatengsl og tengslanet, ásamt þekkingu á markaðsmálum og stefnumótun. Samtökin þurfa að vera vettvangur fyrir allt hinsegin fólk, auka má félagafjöld með samtali við fólk til að auka skilning á mikilvægi þess starfs sem unnið er. Varaformaður þarf að vera í góðum tengslum við félagsmenn og vinna í innra starfinu. Varaformaður gæti einnig tekið að sér aukna ábyrgð í tengslum við samstarfsaðila, t.d. í tilfalli hinsegin hælisleitenda og samskipta við m.a. Rauða krossinn og yfirvöld. Talaði einnig um að skapa mætti betri vettvangur fyrir þá sem koma út en eru ekki í námi – að auki stuðning við málefni aldraðra, byggja brú á milli félagsmanna.

María Helga Guðmundsdóttir kynnti sig og fagnaði því að sjá stóran hóp samankominn. Þjónustuhlutverk samtakanna er henni hugleikið – eftir dvöl erlendis áttaði hún sig á því hvað það skiptir miklu máli. Hefur tekið þátt í öflugum vinninga fyrir jólabingó, dómnefnd hýrlyðsamkeppni ofl. Fræðslan er henni einnig afar hugleikin, besta vopnið gegn fordómum – þar má skoða þróun fræðslu m.a. fyrir lögreglu. Talaði einnig um stöðu hinsegin hælisleitenda og haturðsorðræðu í samfélaginu. Eigum langt í land, þrátt fyrir að oft sé talað um Ísland sem hinsegin Útópíu. Að lokum talaði hún um félagslífið, ótrúleg flóra góðra viðburða, stjórn og trúnaðarráð á að beita sér fyrir því að húsið sé vettvangur fyrir öflugt félagslíf í samstarfi við framkvæmdastýru. Einnig að félagsfólk hafi greiðan aðgang að stjórn.

***Sjálfkjörið var í eftirfarandi embætti og því fagnað með lófataki:***

Júlía Margrét Einarsdóttir, ritari

Heiður Friðbjörnsdóttir, gjaldkeri  
Kitty Anderson, alþjóðafulltrúi

## 8. Kjör tveggja meðstjórnenda

Eins og áður kom fram var sameiginlegur kjörseðill fyrir kosningar undir lið 7 og 8. Frambjóðendur stóðu upp en kynntu sig ekki. Í framboði voru: Hjalti Vigfússon, Sólveig Rós, Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir og Unnsteinn Jóhannsson.

Að lokinni talningu atkvæða kom Gunnlaugur Bragi fyrir hönd kjörnefndar og kynnti niðurstöður. Eftirfarandi hlutu kosningu sem meðstjórnendur: Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir og Unnsteinn Jóhannsson. Ásthildur Gunnarsdóttir var kjörin varaformaður og Hilmar Hildar Magnússon hlaut áframhaldandi kjör sem formaður.

## 9. Kjör tíu félaga í trúnaðarráð

Kjörseðillinn var án nafna með auðum línu þar sem möguleiki var fyrir þá sem ekki hlutu kjör til stjórnar til að bjóða sig fram. Nöfnum varpað upp á vegg, fundarstjóri sýndi kjörseðil – kjörnefnd safnaði atkvæðum.

Þau sem hlutu kosningu í trúnaðarráð: Auður Emilsdóttir, Benedikt Traustason, Daníel Arnarsson, Hafsteinn Himinljómi Sverrisson, Kjartan Þór Ingason, María Helga Guðmundsdóttir, Óskar Steinn Ómarsson, Sigurður Þorri Gunnarsson, Sólveig Rós, Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir.

Fundarstjóri vakti athygli á því að í salnum væru ljósmyndarar frá Gaylceland og Gaylce sem myndu taka myndir á fundinum.

## 10. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga

Í framboði: Sverrir Jónsson og Sigurjón Guðmundsson. Samþykkt með dúndrandi lófaklappi.

## 11. Önnur mál

Tvö mál – kosning um aðild BSDM á Íslandi og Hinsegin Norðurland. Aðildarumsóknir höfðu verið kynntar á félagsfundi. Gengið var til kosninga og fulltrúi kjörnefndar safnaði atkvæðum.

Beiðni um aðild Hinsegin Norðurland um hagsmunaaðild að Samtökunum '78, leynileg kosning fór fram. **Umsóknin samþykkt einróma.**

Beiðni um aðild BDSM Ísland um hagsmunaaðild að Samtökunum '78, leynileg kosning fór fram. **Umsóknin samþykkt með meirihluta atkvæða.**

Magnús, félagsmaður í Samtökunum, fékk orðið og bar upp tillögu um að hvetja Samtökin til að taka í sínar hendur sögutengd mál hinsegin samfélagsins í ljósi þess að stofnanir í samfélaginu hafa ekki tekið þau mál í sínar hendur. Sérstaklega talaði hann um sýningar í Þjóðminjasafninu og núverandi yfirlitssýning í Safnahúsinu. Í aðalsýningu Þjóðminjasafnsins er hinsegin fólk ósýnilegt, frá upphafi Íslandsbyggðar og til dagsins í dag – ekki einu sinni á færibandinu sem er hluti af aðalsýningu. Að sama skapi er ekki

minnst á hinsegin mál í kvennasýningu sem nú stendur yfir í safninu. Sama á við um sýninguna í Safnahúsinu.

Hugmyndin er að ræða við Þjóðminjasafnið og bjóða fram aðstoð við að skoða sýningarnar með hinsegin gleraugum – næsta skref væri að safna hlutum sem tengjast raunveruleika hinsegin fólks á Íslandi. Það yrði grunnur að sýningu sem yrði opnuð á 40 ára afmæli samtakanna 78, sú sýning yrði opnuð almenningi og stefnt yrði á að laða erlenda ferðamenn að. Þetta væri í ætt við það sem gert hefur verið í mörgum nágrannalöndum okkar. Þetta þarf að gera á okkar forsendum – Fundurinn vísaði málinu til stjórnar.

Að lokum steig félagsmaður upp, minnir á að þegar heyrnarskertir eða heyrnarlausir koma, þá þarf að vera hvatning til heyrnarlausa til að mæta á fundinn. Sumum finnst að þau séu litin hornauga, það þarf að hvetja fólk áfram, heyrnarlausir eru félagsmenn eins og hinir. Myndi gjarnan vilja sjá meiri hvatningu til þess að mæta.

Tilkynningar að lokum: Hafsteinn minnti á hinsegin menningarviðburðinn Dragsúg, sem er ætlað að styrkja hinsegin menningarstarf – einnig verið að leita að fólki til að taka þátt, listafólk, standup og tónlist. Næsti viðburður er 18. mars, nánari upplýsingar á facebook.

Auður Magnús þakkaði fyrir frábæran fund, minnti á party og ættarmót um kvöldið. Húsið verður opnað klukkan 19, dagskrá og party eftir það, haldið í Borgartúni 1 – Salur Samtakanna 78 ekki nógu stór.

Formaður kom upp og þakkaði það traust sem honum er sýnt með endurnýjuðu umboði. Þakkar fyrir frábæran fund og öllum þeim sem buðu sig fram – Bjart framundan hjá hinsegin samfélaginu á Íslandi.

Fundarstjóri sleit fundi klukkan 16.25.